

**Nd.**

## **575. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

### **1. gr.**

1. gr. l. 60/1919 orðist svo:

Til hafnargerðar í Ólafsvík veitast úr ríkissjóði  $\frac{1}{5}$  kostnaðar, eftir áætlun, er ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 280000 — tvö hundruð og áttatíu þúsund krónum — gegn  $\frac{3}{5}$  frá hafnarsjóði Ólafsvíkur. Með framlagi ríkissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar í fjárlögum.

### **2. gr.**

2. gr. sömu laga orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 420000 — fjögur hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sýslunefndar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945.

### **Greinargerð.**

Í hafnarlögum fyrir Ólafsvík frá 1919 er ákveðið, að ríkissjóður greiði  $\frac{1}{4}$  kostnaðar við hafnargerð þar, gegn þreföldu framlagi úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Við fjárveitingar í fjárlögum til þessarar hafnargerðar hefur samt um allmörg ár verið veittur  $\frac{1}{3}$  kostnaðar. Nú má það heita tóst regla, að í hafnarlögum séu ákveðin þau hlutföll, að ríkissjóður veiti  $\frac{1}{5}$  gegn  $\frac{3}{5}$  frá viðkomandi hafnarsjóði. Þetta frv. lýtur aðeins að því að færa hafnarlög Ólafsvíkur að þessu leyti til samræmis við önnur hafnarlög. Heildarupphæð hafnargerðarkostnaðar samkvæmt lögnum frá 1919, kr. 700000.00, er látin haldast óbreytt.